

# Starfsáætlun leikskólans

## Vesturkots

---

2018 - 2019



Tekið saman af Særúnu Þorláksdóttur leikskólastjóra og  
Jónínu Einarsdóttur aðstoðarleikskólastjóra

## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

## Contents

Formáli.....	2
1. Hvað einkenndi árið 2017-2018, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.....	4
2. Mat á leikskólastarfi .....	7
2.1 Innra mat .....	7
2.2. Ytra mat .....	8
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	9
3. Áherslur leikskólans skólaársins 2018-2019 .....	11
4. Húsnæði og lóð.....	13
5. Starfsmannamál.....	14
5.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2018.....	15
5.2. Símenntun frá síðasta ári 2017-2018 .....	17
5.3. Áætlun um símenntun í leikskólanum 2018 - 2019.....	18
6. Aðrar upplýsingar .....	19
6.1. Barnahópurinn 1. Maí 2018.....	19
6.2. Foreldrasamvinna.....	19
6.3. Samstarf leik- og grunnskóla .....	20
6.4. Almennar upplýsingar .....	21
7. Skýrslur og fylgiskjöl .....	21
7.1. Áætlanir .....	21
7.2. Viðbragðsáætlanir .....	21
7.3. Öryggisáætlanir .....	21
7.4. Móttökuáætlanir og jafnréttisáætlun .....	22
8. Fylgirit.....	22
• Leikskóladagatal ásamt greinargerð.....	22
• Umsögn foreldraráðs.....	22

## 1. Hvað einkenndi árið 2017-2018, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

Skólarárið 2017 – 2018 gekk vel í leikskólanum. Starfsmenn voru 28 til 32 og starfsmannavelta lítil. Helstu starfsmannabreytingar voru vegna langtímaveikinda starfsmanna og þurftum að ráða inn starfsmenn vegna þeirra fjarveru, þurftum einnig að bæta við vegna aukins undirbúningstíma og aukningu á sérkennslutímum.

**SMT** er fastur liður í starfi leikskólans eins og undanfarin ár. Lögð var áhersla í vetur á SMT klappið og yfirheiti leikskólans sem er „Við erum snillingar að“. Innlögn á þeim þáttum þarf að vinna enn frekar að næsta vetur. Verkefnastjórar hafa unnið árshjól sem SMT vinnunni er fylgt eftir fyrir árið. Tveir starfsmenn sóttu PMT námskeið hjá Fræðslu- og frístundasviði í ár. Endurmat á rafbók í SMT fór fram en þar er sér rafbók fyrir foreldra og sé rafbók fyrir starfsmenn. Með starfsmannarafbókinni er verið að auðvelda nýjum starfsmönnum að læra á SMT kerfi leikskólans. Verkefnisstjórar hafa sótt í vetur sameiginlega fundi og handleiðslu á vegum Fræðslu- og frístundasvið undir handleiðslu Elísu Ingólfssdóttur. Sú handleiðsla datt þó niður framan af vetri því handleiðari sem hélt utan um verkefnið hætti störfum en nú virðist þetta vera komið í fyrra horf.

**Grænfánanaverkefnið** hélt áfram þennan veturinn en við höfum ekki náð að sinna því eins vel í vetur og við vildum. Stefnum næsta vetur er að taka það fastari tókum og hafa gott teymi til að halda utan um það verkefni. Í vetur héldum við áfram að flokka rusl og unnum að því að minnka matarsóun en það er mikilvægur þáttur í grænfánanaverkefninu. Tveir starfsmenn hafa tekið þetta verkefni að sér og verkefnið framundan er að vinna með Magga moltu sem hefur verið í þróun í Sjálandsleikskóla í Garðabæ undanfarin ár. Við tókum reyndar þátt í að prufukeyra þetta verkefni á síðasta skólaári og nokkrir starfsmenn fóru síðan í heimsókn þangað nú í vor til að kynna sér verkefnið enn frekar.

Áfram var unnið að **eflingu læsis** í Vesturkoti í samræmi við stefnumótun bæjarins. Læsisstefna leikskólans er komin í góðan farveg, er þó vera í stöðugri endurskoðun til að stefnan verði fjölbreytt og taki á sem flestum þáttum. Skipulagsdagar í vetur hafa mikið verið nýttir til fræðslu, einnig til að endurskoða það sem fyrir er og efla okkur enn frekar á þessu sviði. Höfum við bætt við auknum lestri inn á allar deildar en það er mikilvægur þáttur innan læsisverkefnisins. Áfram var unnið í sérstökum stundum með elstu börnum skólans þar sem rík áhersla var lögð á stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, stærðfræði og myndlist. Náms efni var aukið enn frekar í vetur en þá sem spil og leikir í tengslum við læsi. Við höfum náð að efla læsisstundir inni á yngstu deildum með því að skipuleggja Bassastundir en það er námsgagn sem gott er að nýta í kennslu með yngstu börnum leikskólans. Hjá næst elstu börnunum hefur einnig verið aukið við hádegisstund þar sem fram fer hvíld eða slökun í upphafi en síðan unnið með hljóðkerfisvitund og læsistengt efni.

Við fengum styrk úr **Sprotasjóði** þetta skólaárið. Helstu áherslur þess verkefnis er tengt læsi þar sem helsta áherslan er að að efla og styrkja starfsmenn í læsisvinnu með yngstu börnum leikskólans. Við höfum verkefnið sjálft skipulagsdaginn 22. febrúar 2017 en þá héldum við vinnustofur fyrir starfsmenn þar sem farið var í vinnu með orðflokka í tengslum við þemu leikskólans. Við leggjum áherslu á vinnu í kringum hönnun á skipulagsbókum fyrir starfsmenn til að gera starfið betur undirbúið og faglegra með

börnunum. Við höfum sent inn verkefnapakka þar sem nokkrar vikur eru skipulagaðar hvað varðar orð og orðaforða út frá þeim leikskólans. Starfsmenn hafa farið yfir hvaða þættir koma vel út í þessum skipulagsbókum og hvað má bæta. Inn á deildir fóru kassar með orðaspjöldum sem búið er að hanna í vetur og síðasta sumar, sem leggja grunninn að þessari vinnu. Deildarstjórar og stjórnendur fóru á afmælisráðstefnu Ásthildar Snorradóttur talmeinafræðings í tengslum við það til að fá meiri þekkingu í þeim efnum. Við buðum upp á fræðslu með Ásthildi um Snemmtæka íhlutun fyrir foreldra. Við buðum upp á sömu fræðslu með Ásthildi fyrir pólska foreldra en stórt hlutfall tvítýngdra barna eru pólsk. Fræðslan fór fram á íslensku en vorum með pólskan túlk. Við fengum fræðslu um Lubba í upphafi leikskólaársins en það var mikilvægur þáttur í tengslum við Sprota verkefnið okkar. Lubbi var tekinn inn á allar deildir og leikskólinn fer allur í gegnum sömu hljóðin á sama tíma og kenna tákni stafsins. Lubbi kemur til með að vera nýttur áfram og sjá starfsmenn mikinn árangur af þessari vinnu með nemendunum. Skipulagsbækurnar verða nýttar áfram og verður settur upp ákveðinn pakki sem fylgir hverju þema leikskólans þar sem fram munu koma skipulagsbók, hvaða myndlistar skylduverkefni á að vinna á tímabilinu og fleira til að auðvelda skipulagsstarf og gera starfið markvissara. Við skilum inn lokaskýrslu vegna Sprotasjóðs í byrjum september 2018.

**Stærðfræði** var nýtt í meira mæli inni á öllum deildum. Við höfum lagt ríka áherslu í vetur á tölur, talnagildi, form og liti í tengslum við stærðfræðina. Höfum lagt áherslu á að vera vakandi fyrir stærðfræðinni í nánasta umhverfi okkar og í daglega starfinu. Eins og t.d að tengja stærðfræðina við þegar börnin er að leggja á borð og fleira, bjóða upp á námsumhverfi og efniðvið sem ýtir undir stærðfræðihugsun. Héldum tvær stærðfræðivikur í vetur þar sem lögð var áhersla á samvinnu foreldra og barna en þá hafa verið stærðfræðiverkefni í fataklefum sem foreldrar hafa unnið með börnum sínum á morgnanna þessar vikur. Hópstjórar hafa síðan skipulagt aukna stærðfræði með sínum hóp í þessum viku. Numicon er það námsefni sem við erum að taka inn næsta vetur en starfsmenn fara á námskeið í þeim efniviði til að geta tekið það efni inn á faglegan hátt. Námskeiðið féll niður þegar það átti að vera en verður haldið á fyrstu dögum nýs skólaárs og munu allir starfsmenn fara í gegnum það efni.

**Vináttuverkefni Barnaheilla** er orðinn partur af skólastarfi leikskólans og unnu tveir elstu árgangarnir með Blæ og vináttuverkefnið. Blær fer í frí eins og við og kom aftur til barnanna í upphaf hvers skólaárs og er ein stund í hverri viku þar sem unnið er með verkefnið. Við bættum inn í það efni sem kom út í ár en það var sögubók og tónlist sem Barnaheill gaf út í tengslum við verkefnið. Verkefni verður áfram hluti af starfi leikskólans og þá mest nýtt með elstu tveimur árgöngunum leikskólans enda öflugt og skemmtilegt forvarnarverkefni gegn einelti. Þriðji árgangurinn fær líka bangsa, unnið verður með tónlistina tengt verkefninu og nuddsögurnar notaðar en þó í minna mæli en hjá eldri árgöngunum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu ráðstefnu á vegum Barnaheilla og hafa starfsmenn sótt reglulega námskeið á vegum þeirra. Tveir fóru á tónlistarnámskeið í vetur og tveir á grunnnámskeið þannig að það fjölgar ört þeim sem geta sinnt og miðlað þessu verkefni. Foreldrafélag leikskólans styður við bakið á Vináttuverkefninu með því að gefa bangsana á hverju ári þegar ný börn fá tækifæri til að kynnast Blæ. Unnið er árshjól fyrir verkefnið sem er áætlun um fyrirlögn þannig að tekið sé á öllum þáttum verkefnisins með börnunum.

**Rafbókagerð og video** hefur gegnið mjög vel í vetur og enn erum við að bæta í það safn sem til er inni á heimasíðunni okkar. Rafbækurnar er ein af leiðum leikskólans til að miðla upplýsingum til foreldra um það sem börnin þeirra eru að aðhafast yfir daginn. Rafbækur eru öflugt upplýsingatæki sem við nýtum mikið við ýmsa viðburði og í vinnu með börnunum. Allir hópstjórar eru orðnir þjálfaðir í að vinna með rafbókagerð og nýta sér þá kunnáttu mikið. Við stefnum á að halda áfram á þeirri braut.

Við höldum nokkra Fræðandi fimmtudaga í vetur. Þá gefst tækifæri til að segja frá námskeiðum sem starfsmenn hafa farið á, miðla mkilvægum upplýsingum sem geta ekki beðið eða skerpa á ýmsum málefnum s.s. virkni starfsmanna á útisvæði, læsi ofl. Þessi fræðsla eða miðlun er í míni formi því þann dag bætum við 10 mínútum við kaffitíma starfsmanna og þá gefst öllum starfsmönnum kostur á að fræða aðra eða fræðast.

**Foreldrasamtöl** á skipulagsdegi hafa gefist vel og eru valdeflandi fyrir starfsmenn, starfsmenn og foreldrar eru ánægðir en svona fyrirkomulag styrkir samband á milli hópstjóra og foreldra – fyrir utan það að þetta dregur verulega úr álagi starfsmanna.

**Hópefling starfsmanna** fór fram þennan veturinn í ýmsum uppákomum, jólaferð á Hótel Örk í desember, árshátíð bæjarins, óvissuferð á skipulagsdegi en þá var farið í Reykjavík Escape þar sem hópurinn leysti saman gátur og var ánæguleg ferð fyrir allann hópinn. Við höldum Sushigerð í lok eins skipulagsdagsins og borðuðum svo saman um kvöldið. Kostanaður af þessum er þó að mestu leyti í höndum starfsmanna sjálfra eða starfsmannafélagsins.

**Námsferð** var farin til Brighton nú á vordögum en farið var laugardaginn 28. apríl og komið heim á miðvikudagskvöldi 2. maí. Ferðin var mjög skemmtileg en 23 starfsmenn fóru í ferðina. Til stóð að fara á hálf dags Numicon námskeið en því miður var leiðbeinandi námskeiðsins veik þegar út var komið en það námskeið fer fram eftir vinnu einn dag í ágúst í staðinn þegar leiðbeinandi námskeiðsins verður stödd hér á landi. Seinna námskeiðið var dagsnámskeið í útkennslu sem fram fór í Forest school rétt utan við Brighton. Þar var starfsmönnum skipt í hópa og unnið í hópum að gerð tráskýlis þar sem unnið var með efniviðiðinn í náttúrunni og unnið með samvinnu hópsins. Hóparnir þurftu að leysa sín verkefni og síðan fengum starfsmenn að kynna því sem unnið er með í útkennslu í Forest school.

Þeir starfsmenn sem ekki fóru í námsferðina nýttu skipulagsdagana til að fara í skólaheimsóknir í leikskólann Sjáland að skoða umhverfisstefnu leikskólans og leiksólann Rauðhól að skoða útkennslu og nýttu einnig tímann í verkefnavinnu í leikskólanum.

Aðrir **utanaðkomandi viðburðir** á liðnu skólaári sem við viljum koma á framfæri því þeir hafa haft áhrif á liðan starfsmanna og eftir fagstarfið.

- Fyrst viljum við nefna vinnustaðaheimsóknir stjórnanna þ.e.a.s bæjarstjóra, fræðslu og frístunda stjóra, mannauðstjóra og þróunarstjóra leikskóla. Þar upplifði starfsfólk jafnvel í fyrsta skipti að væri hlustað á raddir þeirra og sjá suma hluti af því sem viðrað var á þeim fundi komna í framkvæmd er þakkarvert og gefur færi á að efla fagstarfið enn frekar.
- Aukinn undirbúningstíma faglærðra og ófaglærðra er góð viðbót, en með þessum aukna tíma eflist fagstarfið og það gefst aukin tími til að vera meiri þáttakandi í skipulagi starfsins.
- Yfirvinnutímar hafa aukist sem gefur möguleika á meira samráði
- Meiri peningur í upplýsingartækni símar- lyklaborð  
Við erum að setja inn Iphone síma á tvær elstu deilarnar en þeir verða nýttir sem myndavélar en með því getum við nýtt tæknina og Airdrop-að myndum yfir á Ipada en það er erfitt að taka stóra Ipada með í langar ferðir.
- Fleiri ipadar - við fengum þrjá Ipada síðasta haust og fóru þeir á eldri deildirnar sem og í sérkennslu.
- Stjórnendur hafa unnið að því að **endurskipuleggja sérkennslu** en samkvæmt vinnustaðagreiningu 2017 kom sá þáttur skólustarfsins ekki nóg vel út. Við ætlum að leggja enn

frekar áherslu á aukið samráð milli þeirra sem starfa innan sérkennslunnar en með því aukum við tækifæri fyrir starfsmenn að öðlast meiri þekkingu og fá meiri endurgjöf á starfið.

## 2. Mat á leikskólastarfi

### 2.1 Innra mat

Hinir ýmsu þættir leikskólastarfsins eru metnir reglulega yfir skólaárið. Það eru: líðan, samskipti milli starfsmanna, dagskipulag leikskólans, samskipti við börn og foreldra þeirra, viðhorf starfsmanna til eigin starfs, mat starfsmanna á eigin starfi og hugmyndir starfsmanna um framþróun í leikskólastarfi. Þessi þættir eru metnir í árlegu starfsmannasamtali en þá fær hver og einn starfsmaður gátlista með spurningum sem hann svarar og ræðir frekar í samtalinu. Á listanum koma fram fjölmörg atriði er varða innra starf skólans og hafa starfsmenn þar tækifæri til að koma sínu mati á framfæri og ræða sérstaklega í samtalinu. Auk þess eru sömu atriði metin á deildarfundum, deildarstjórafundum, skipulagsdögum og á starfsmannafundum reglulega yfir árið eins og ávallt.

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári á vorönn þar sem farið er yfir stöðu starfsmanna, líðan þeirra og ábendingum komið á framfæri. Farið er yfir hvernig starfsmönnum finnst ganga hjá sér í ákveðnum aðstæðum, hvernig stjórnendur geta komið á móts við óskir starfsmanna og hvað starfsmenn geta sjálfir gert til að bæta sig í starfi. Að lokum eru skráðar aðrar ábendingar og langanir starfsmanna varðandi starfið, kallað eftir óskum varðandi símenntun og gengið í þau mál sem við á.

Ábendingar sem komu úr starfsmannasamtölum á vorönn 2018 eru yfirfarnar af stjórnendum. Samantekt er kynnt á starfsmannafundi og verða hafðar í huga við skipulag næsta vetrar. Starfsmenn hafa almennt verið ánægðir í starfi í vetur og líður vel í vinnunni. Reynt er eftir fremsta megni að fara eftir óskum starfsmanna, einhverjir vildu flutning á milli deilda og aðrir vildu vera á sama stað. Nokkrar óskir komu um endurmenntun fyrir næsta skólaár og starfsmenn settu sér ný markmið fyrir veturinn.

Fundirnir okkar deildarfundir/stjórnendafundir/teymisfundir/starfsmannafundir og skipulagsdagar yfir árið fara að mestu í að skoða hvað við erum að gera, skerpa á því sem vel er gert og finna sameiginlega lausn á því sem þarf að bæta hverju sinni. Við höfum reglulega fundi í öllum þessum hópum yfir skólaárið og teljum mikilvægt að allir starfsmenn geti komið með sitt sjónarhorn og sína sýn á hvað þarf að bæta eða hvað erum við að gera vel.

Deildarstjóra fylla út sjálfsmatsgátlista fyrir starfsmannasamtöl eins og undanfarin tvö ár en með því eru deildarstjórar að meta stjórnunarstarf sitt og eru niðurstöður þess meðal annars nýttar í starfsmannasamtölum.

Stefnt er á að starfsmenn sinni Sjálfsmati í SMT og verður það lagt fyrir einu sinni á ári í framhaldi af SET könnun bæjarins.

SMT þríhyrningar eru og verða áfram lagðir fyrir 3 sinnum yfir skólaárið og skráningar á hegðun nemenda verða unnar 3 sinnum yfir skólaárið. Með þríhyrningi og skáningum er verið að meta hegðun og líðan nemenda og með hvaða móti þarf að aðstoða nemendur við að ná fram umbótum í hegðun.

Tras: Deildarstjórar og sérkennarar sjá um Tras skráningu á öllum nemendum leikskólans en með því er verið að fygjast með þroska nemenda og málþroska nemenda. Hvert barn er metið 2 sinnum á ári með Tras listanum frá 2ja til 5 ára aldurs. Stefnt er að því að senda fleiri starfsmenn á námskeið í skráningu á Tras.

Orðaskil: Orðaskil verður lagt fyrir öll þriggja ára börn af foreldrum þar sem verið er kanna orðaforða barna og við vinnum síðan með börnin út frá þeim niðurstöðum.

Hljóm 2: Elstu nemendur leikskólans eru prófaðir í hljóðkerfisvitund með stöðluðu prófi (Hljóm 2) og unnið með niðurstöður prófsins yfir veturinn til að efla nemendur í þeim þáttum sem snúa að hljóðkerfisvitund þeirra.

Gátlistar: Farið yfir stöðu barnsins og styrkleika í tengslum við foreldrasamtöl.

## 2.2. Ytra mat

Ytra mat er leikskólanum nauðsynlegt og hefur Fræðslu- og frístundasvið Hafnarfjarðar staðið fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár nú síðast í febrúar/ mars 2018. Einnig er staðið reglulega fyrir Starfsmannakönnun og nýjasta var framkvæmd í október 2017 af Skólapúlsinum.

Foreldrakönnun Skólapúlsins kom vel út en foreldrar voru almennt ánægðir með leikskólann. Svarhlutfall var 85,1 % og sögðust 92,6 % vera ánægð. Foreldrar voru ánægðir með matarmál leikskólans og töldu 98% foreldra barnið sitt vera ánægt í leikskólanum. Við fögnum þessum niðurstöðum en þessar niðurstöður eru hærri en meðaltal landsins á ánægju barnanna. Tengsl foreldra við starfsfólk komu út sem 100% en við höfum lagt ríka áherslu á þann þátt undanfarin ár þ.e. öflug og góð samskipti starfsfólks við foreldra. Upplýsingamiðlunin var 83,7 % en þess má geta að hún var mun hærri en almennt var yfir landið eða 14,5% hærri. Foreldrar voru almennt ánægðir með aðlögun í upphafi leikskólabyrjunar hjá barninu en við höfum unnið með þátttökuaðlögun í fjölda mörg ár sem við teljum gefa okkur gott tækifæri til að kynnast barni og foreldrum betur. Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu leikskólans.

Starfsánægja starfsmanna var skoðuð í Vinnustaðagreiningu en þátttaka í leikskólanum Vesturkoti var 71% sem var slakari en síðast. Þess ber að geta að leikskólinn kom almennt vel út í flestum þáttum í vinnustaðagreiningunni en nokkrir þættir lækkuðu á meðan aðrir þættir hækkðu. Við erum ánægðar með hækkun á þætti stjórnenda en við höfum síðastliðið ár verið að valdefla deildarstjóra og hvatt þá til að grípa fyrr inn í starfsmannmál innan sinnar deildar. Við erum einnig ánægðar með að allir þættir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er allstaðar á núlli. Við höfum lagt upp með það á öllum starfsmannafundum og skipulagsdögum að hvetja starfsmenn til að tala saman um það sem miður fer og leita til yfirmanna ef þeim finnst gengið á sinn rétt og ekki er hlustað á það. Starfsánægja hefur farið niður um 1,3 stig. Starfsánægja tengist alltaf samskiptum og þurfum alltaf að minna reglulega á vönduð samskipti og stjórnendur eiga ávallt að sýna gott fordæmi. Aðrir hlutir skipta líka máli eins og t.d öflugt hópefli. Við höfum þegar hafið umbætur í þessum eignum þar sem markmiðið var að hrista starfsmannahópinn saman í hópefli. Fórum í Reykjavík Escape í



nóvember 2017 eftir að könnun var framkvæmd, en það var mikil ánægja með þá ferð. Á skipulagsdag héldum við Sushi námskeið fyrir starfsmenn í lok dagsins sem endaði svo í heimahúsi um kvöldið og hristi það ágætlega hópinn saman. Við fórum í námsferð til Brighton í Englandi í lok apríl þar sem 23 starfsmenn fóru í sameiginlega námsferð. Undirbúningur að slíkri ferð eflir starfsandann mikið og teljum við þetta hafa þegar áhrif á starfsmannahópinn. Hvatning og endurgjöf hefur samkvæmt könnun farið niður um 0,5 stig. Við getum alltaf bætt okkur er snýr að hrósi og hvatningu og þurfum að vera vakandi að halda því á lofti. Við leggjum reglulega áherslu á að stjórnendur og starfsmenn hvetji og hrósi hvert öðru í anda SMT. Vinnuaðstaðan er þáttur sem hefur komið illa út hjá okkur bæði 2016 og fór enn lengra niður eða um 1,5 stig árið 2017. Vinnuaðstaða hefur ekkert versnað en teljum við að starfsfólk sé orðið langþreytt á mjög svo slakri vinnuaðstöðu. Leikskólinn var byggður fyrir tæplega 25 árum, deildarnar eru þokkarlega stórar en vinnurými fyrir starfsmenn og sérkennsluaðstaða lítil sem engin. Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri deila vinnuherbergi sem er rúmir 11 fm ásamt öðrum starfmönnum leikskólans sem vinna þar mest allan sinn undirbúning. Tölvukostur er alltaf að eldast og sjáum við það sem lausn ef Hafnarfjarðarbær byði deildarstjórum/deildum upp á fartölu í stað mis gamalla borðtalva en með því móti myndi rými til undirbúnings vera færanlegra og hægt væri að nýta betur rými sem eru laus þá stundina. Plássleysi er líka að hamla sérkennslunni og kompa leikskólastjóra mætti vera stærri. Vinnuaðstaða starfsmanna eldhúss er einnig ekki nógu góð en þar er lítið rými og starfsmenn þurfa að aðlaga ýmsilegt til að geta unnið starfið sitt.

Skrifstofa Fræðslu- og frístundasviðs heldur utan um SMT starf leikskólanna og tengiliðir allra leikskóla hittast reglulega og ræða saman um SMT. Í vetur var vöntun á þessum fundum fyrir áramót en síðan var farið af stað aftur með þessa fundið eftir áramót. Nú hefur verið ráðinn nýr verkefnastjóri yfir verkefnið fyrir næsta vetur. SMT teymisstjórnarnir hittast á þessum fundum og fá hugmyndir og ráðleggingar hver frá öðrum. Hópurinn fer á milli leikskóla og sér um SET könnun en í ár var ákeðið að hver skóli sæi um sína SET úttekt þar sem langt var liðið á veturinn og skólarnir náðu ekki að sinna SET könnun í nóvember. SET könnunin var því framkvæmd í apríl og var niðurstaðan 93,4%.

## **2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats**

### *1. Draga úr álagi innan vinnustaðarins, starfsumhverfi starfsmanna.*

Það kom fram í vinnustaðagreiningu og starfsmannaviðtölum að starfsfólk upplifir ennþá álag í starfi. Álagið var mun meira fyrir áramót en eftir áramót en þá voru margir starfsmenn í námi og þar með í vettvangsnámi. Við jukum í starfsmannahópinn eftir áramót til að ná að sinna auknum undirbúningstímum og hefur álagið verið mun minna eftir áramót. Við höfum verið að vinna með samskipti innanhús en erum þar að leggja áherslu á að deildarstjórar grípi inn í ef samskipti þarf að bæta innan deildanna. Leggjum aukna áherslu á að efla samskipti innan deilda og opna umræðu milli starfsmanna hvaða þættir eru að valda álagi og hvernig getum við dregið úr álagi innan deilda sem og milli deilda. Samskipti hafa mikil áhrif á álag og með því að efla jákvæð samskipti teljum við að draga megi úr einhverju álagi. Álag vegna starfsumhverfis er eitthvað sem stjórnendur telja sig lítið geta gert með en þar er það skortur á rými t.d. til sérkennslu og funda

sem hafa áhrif á álag. Starfsmenn þurfa stundum að breyta skipulagi og fara yfir á önnur svæði með hópinn sinn þegar fundir t.d. með foreldrum, sálfræðingum eða sálfræðimat á börnum fer fram. Allar svona breytingar kalla á aukið álag en rými til funda er af skornum skammti hér í leikskólanum. Við erum að óska eftir lagfæringum á skólahúsnæðinu en það þarf að stækka leikskólann til að auka það rými sem starfsmenn hafa til að sinna faglegri vinnu og vinnu í kringum sérkennslu. Við leggjum áherslu á að deildir haldi skipulagi innan deildanna til að draga úr álagi en með því að hafa reglu og rúttíu er auðveldara að stemma stigu við álagi.

## *2. Auka teymisvinnu.*

Við stefnum á það síðasta vetur að hafa meiri teymisvinnu en því miður hefur sú vinna ekki gengið eftir en sum verkefni hafa aðeins dottið upp fyrir þar sem við höfum verið að nýta tímann meira í hina almennu skipulagsvinnu til að hafa hópastarf og starf deildanna markvissara. Við stefnum hins vegar á það að auka teymisvinnu og gefa meiri tíma til þess næsta vetur. Við þurfum að festa betur niður tíma fyrir teymisvinnu og ætlum að skoða hvernig er árangursríkast að halda utan um þessa vinnu. Með teymisvinnu er verið að virkja alla starfsmenn, draga úr álagi hjá öðrum sem hafa verið að sinna mörgum þáttum og með því teljum við einnig felast tækifæri til að starfsfólk sé upplýstara um það sem er framundan. Teymisvinna er líka partur af lærdómssamfélaginu sem við viljum efla enn frekar innan leikskólans og því stefnum við á að dreyfa enn meiri ábyrgð og um leið styrkja en frekar valdeflingu starfsfólks á ákveðnum sviðum.

## *3. Aukum fagmennsku*

Við erum að hvetja starfsfólk til náms og höfum þegar uppskorið starfsmenn sem hafa bætt við sig námi til að fá leikskólakennararéttindi sem og ófaglærðan starfsmann sem hafa lokið B.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum. Þetta hefur verið hvatning til annara starfsmanna og nú þegar hafa tveir starfsmenn sótt um í leikskólakennarafræði og ein að ljúka master í grunnskólafræðum og önnur hefur verið í framhaldsnámi í sérkennslu. Allar hafa verið að sinna þessu í mismiklu starfshlutfalli samhliða vinnu.

## *4. Sérkennslan*

Stefnt er að því að efla sérkennsluna sem sér deild og gera alla verkferla og starfsferla skýrari. Stefnt er á að auglýsa eftir öðrum þroskaþjálfum en sú þekking sem kemur inn á leikskólann með þroskaþjálfum teljum við vera mikilvæga. Stefnt að efla enn frekar þá faglegu handleiðslu sem starfsmenn sem ekki eru faglærðir þurfa til að sinna starfi sem stuðningur. Leggjum áherslu á aukið samráð þeirra sem starfa innan sérkennslunnar næsta vetur þar sem hægt verði að skiptast á hugmyndum og fá stuðning í starfi á þann hátt.

## *5. Stærðfræði*

Numicon er það námsefni sem við erum að taka inn næsta vetur en starfsmenn fara á námskeið í þeim efniviði til að geta tekið það efni inn á faglegan hátt. Námskeiðið féll niður þegar það átti að vera en verður haldið á fyrstu dögum nýs skólaárs og munu starfsmenn fara allir í gegnum það efni. Numicon er stærðfræðiefni fyrir leikskólann en þessi efniviður fellur vel að hugmyndafræði leikskólans um opinn efnivið.

### 6. Fylgja betur eftir nýjum starfsmönnum með samtölum og handleiðslu.

Við stefnum á að bæta þennan þátt næsta vetur til að efla og styðja betur við það starfsfólk sem við fáum nýtt inn í leikskólann.

## 3. Áherslur leikskólans skólaársins 2018-2019

Aðrar en þær sem þegar koma fram í umbótaráætlun hér að ofan.

### 1.Áframhaldandi efling læsisstefnu leikskólans

**Markmið:** Við höldum áfram því öfluga starfi sem við höfum verið að vinna í vetur í tengslum við Sprotasjóðsverkefnið okkar. Við vinnum með læsið í víðu samhengi og höldum áfram með Lubba. Lubbaverkefnið er að koma vel út á öllum deildum og við munum halda því áfram. Verkefnið gekk út á að efla orðaforðann og höldum við því áfram.

**Leiðir að markmiði:** Við höldum áfram með skipulagsbækur starfsmanna þar sem unnið er eftir þeim leikskólans með áherslu á orðaforða sem tengist hverju þema fyrir sig. Með þessu hafa starfsmenn ákveðinn ramma til að vinna eftir en hafa þó ákveðið svigrúm til að vinna sínar hugmyndir að hópastarfinu. Við höldum áfram að nýta þau góðu tæki sem við höfum nýtt í málörvun í vetur s.s. Bassa, Lubba, Brúarstundir, vinnu með hljóðkerfisvitund. Við ætlum að efla enn frekar innlög á læsistengdum þáttum hjá næst elsta hópnum. En við erum að byggja upp stundir fyrir næst elstu börnin þar sem hljóðkerfisvitund, sögugerð og fleiri læsishvetjandi þættir eru viðfangsefni.

### 2.Innleiðing stærðfræði í námi barna og námskeið í numicon.

**Markmið:** Að efla skilning barna á stærðfræði og flétta hana í daglegt starf í skólanum

**Leiðir að markmiði:** Vinna með talnahugtök, afstöðuhugtök, stærðarhugtök, form og einfalda samlagningu og frádrátt svo dæmi séu tekin. Þessi hugtök verða kennd í gegnum leik, t.d. með kubba og í útikennslu auk þess sem sérstakar stærðfræðivikur verða bæði á haustönn og vorönn þar sem enn ríkari áhersla verður lögð á stærðfræði. Námsspil unnin af starfsmönnum og nýtt til að kynna stærðfræðihugtök og ýmsa þætti stærðfræðinnar. Námskeiðið í Numicon sem féll niður í námsferðinni verður haldið í ágúst þannig að starfsmenn leikskólans hefja nýtt skólaár með flottu námsefni.

**Leiðir að markmiði:** Matið fer fram reglulega yfir skólaárið þar sem metið er hvernig gengur að innleiða stærðfræði í daglegt líf skólans og hvaða þætti þarf að huga betur að umfram aðra. Stefnit er að því að kaupa inn nýtt námsefni í stærðfræði (numicon kubba) til að efla enn frekar stærðfræði í daglegum verkefnum barnanna. Stefnan er einnig að kaupa Míó matstæki ef peningur finnst sem mun hjálpa okkur að greina stöðu barna varðandi stærðfræðina. Með Mio listanum er hægt að kortleggja enn frekar hvaða þætti nauðsynlegt er fyrir hvern aldurshóp að vinna með.

### 3.Samskipti innan vinnustaðarins

**Markmið:** Við viljum leggja enn frekar áherslu á samskipti innan vinnustaðarins þetta skólaárið. Við teljum mikilvægt að starfsmenn deilda setji sér ákveðnar samskiptareglur eða leiðir til að vinna eftir. Samskipti innan og milli deilda er sá þáttur sem hefur svo mikil áhrif á líðan og álag starfsmanna. Við ætlum að nýta deildarfundir enn frekar í umræðuna um líðan í starfi, hvetja

starfsmenn til að ræða málin sem betur mega fara. Leggja áhersluna á skilvirk og opin samskipti.

**Leiðir að markmiði:** Starfsmannahópurinn er flottur hjá okkur en við viljum efla hann enn frekar til að hafa opin og jákvæð samskipti. Við ætlum að hafa samskipti deildarinnar sem umræðupunktur reglulega á deildarfundum til að allir fái að segja sína upplifun, til að koma í veg fyrir að innan deildanna sé píringur milli starfsmanna eða milli starfsmanna og yfirmanna. Við vonumst til að námskeið sem snúa að núvitund, líðan starfsmanna og þessháttar verði í fyrirrúmi í námsskeiðhaldi Hafnarfjarðarbæjar þannig að hægt sé að vinna enn fekar með þessa þætti.

#### 4. Vinna áfram eftir umhverfisstefnu skólans

Leikskólinn starfar samkvæmt Grænfána Landverndar. Síðarsliðið ár hefur matarsóun verið stór þáttur í umbótarþætti grænfánans. Næsta vetur verður komið að endurmati á Grænfánaverkefninu hjá okkur á vegum Landverndar. Við upplifum að við erum ekki að ná nógu góðum tókum á þessu verkefni og höfum fullan hug á að gera enn betur. Við munum fylgja þessu enn betur eftir á næsta ári.

**Markmið:** Stefnum á að fá Grænfánann afhentann í annað sinn á vormánuðum næsta árs. Með verkefninu viljum við efla starfsmenn, börn og fjölskyldur þeirra enn frekar í umhverfisvænni hugsun. Leita leiða til að huga enn betur að umhverfinu og hvaða þætti við getum bætt í okkar skólastarfi til að vera umhverfisvænni leikskóli.

**Leiðir að markmiði:** Við viljum efla reglulega umhverfisráðsfundi yfir skólaárið, bæði með umhverfisráði skólans og umhverfisráði barna. Meta stöðu umhverfismála og fylgja umbótaáætlun sem gerð hefur verið til að huga enn betur að umhverfismennt. Þema næsta skólaárs er matarsóun. En við viljum einnig virkja nemendur enn frekar í umhverfismálum og munum vinna með verkefnið Maggi Molta í tengslum við það. Í því verkefni er að finna umhverfisstundir fyrir nemendur þar sem unnið er með umhverfismál á margvíslegan hátt.

**Mat á verkefni:** Reglulega yfir skólaárið á mánaðarlegum fundum umhverfisráðs skólans. Við höfum Garðabók sem fer milli deilda til að taka út garðinn og mun Maggi Molta fylgja þeirri bók. Þá geta deildirnar lagt auka áherslu á umhverfismál þær vikur sem þau eru með Garðabókina.

#### 5. Fjölbreytin í hreyfistundum

**Markmið:** Að auka hreyfingu barna í leikskólanum og valdefla starfsmenn í að stýra hreyfistundum.

**Leiðir að markmiðum:** Fá starfsmenn til að nýta betur hreyfimöppu sem unnin var fyrir nokkrum árum um verkefni í salnum. Fá þjálfun í verkefnum í salnum hjá þeim starfsmönnum sem eru með mikla þekkingu og áhuga fyrir hreyfingu.

#### 6. Vinna áfram með Vináttuverkefni

**Markmið:** Að efla forvarnir gegn einelti.

**Leiðir að markmiði:** Unnið verður með börn fædd 2013 og 2014 í þessu verkefni sem unnið verður í hópastarfi og í samverustundum. Yngstu börnin á eldri deildunum kynnast líka bangsanum Blæ en þau fá einn bangsa til að hafa með sér í hvíld. Næsta vetur fara amk tveir starfsmenn á grunnnámskeið í Vináttuverkefninu og tveir starfsmenn á tónlistarnámskeið tengt Vináttu.

**Mat á verkefni:** Matið fer fram reglulega yfir skólaárið í samstarfi við Barnaheill auk þess sem viðkomandi hópstjórar munu reglulega meta hvernig gengur í samstarfi við tengilið.

#### 7. SMT – grunnstoð innan leikskólans

Leikskólinn vinnur samkvæmt SMT og hefur það starf gengið mjög vel innan leikskólans og SMT hefur fest sig í sessi sem stór þáttur í starfi leikskólans.

**Markmið:** Samræma reglur og viðmið. Samhæfa vinnubrögð og viðbrögð við óæskilegri hegðun. Hvatning til barna að sýna æskilega hegðun. Stefnum við að því að nýta AHA skráningar betur næsta vetur til að undirbúa inngrip vegna hegðunarvanda barna. Reglur lagðar inn í upphafi skólaárs og upprifjun eftir áramót.

**Leiðir að markmiði:** Notast við hugmyndafræði SMT, hafa reglur sýnilegar, nota skráningar, notast við brosmiða til að hrósa fyrir jákvæða hegðun. Skráningar unnar af starfsmönnum 3 yfir veturinn til að fylgjast með hegðun og í hvaða aðstæðum þær birtast.

**Mat á verkefni:** Metið reglulega yfir skólaárið á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Reglulegir fundir á skólaskrifstofu með tengiliðum og SET könnun. Sjálfsmat starfsmanna á sínu starfi út frá SMT unnið um mitt skólaár.

#### 8. Draga betur fram í starfi leikskólans stefnu leikskólans.

Stefna og áherlsur leikskólans ætlum við að skerpa á enn frekar á næsta skólaári. Við leggjum áherlsu á lífsgleði, leikinn og leikni í starfinu með börnunum. Við vinnum með þrjú þemu yfir skólaárið og ætlum að tengja þá þætti enn frekar inn í skólastarfið.

**Markmið:** Að starfsmenn vinni í samræmi við skólanámskrá og stefnu Vesturkots.

**Leiðir að markmiði:** Fara yfir valin atriði úr stefnu, skólanámskrá og handbók leikskólans reglulega á skipulagsdögum, starfsmannafundum, deildarfundum og deildarstjórafundum. Starfsmenn spyrji sig að því hvort þeir séu að vinna í samræmi við þann sáttmála sem skólanámskráin er.

## 4. Húsnæði og lóð

Árlega er lagt mat á húsnæði og lóð skólans. Umsjónarmaður fasteigna hjá Hafnarfjarðarbæ leggur mat á húsnæði skólans og metur í samræði við stjórnendur hvaða umbætur og viðhald þarf að gera á húsnæði. Aðalskoðun á útileiksvæði er gerð árlega og er framkvæmd samkvæmt reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Síðasta sumar var hluti leiksvæðis endurnýjaður en þá kom nýr kastali og tæki. Næst þarf að skoða sandkassa á leiksvæði en síðan er brýnast að leggja í þá vinnu að gera litla garðinn að góðu svæði fyrir yngstu börnin. Í tengslum við það er sú hugmynd komin að athuga með að setja hurð út af yngstu deildinni beint út í þann garð til að auðvelda yngstu börnunum að komast út í garðinn.

Vinnuaðstæður kennara eru ekki í góðu lagi. Vantar betri aðstöðu fyrir aðstoðarskólástjóra, sérkennslustjóra því þeirra vinnusvæði eru í þröngum básum inn í undirbúningsherbergi kennara, þar sem er mikill erill og það herbergi einnig notað fyrir fundi því fundaraðstöðu vantar og aðstöðu fyrir börn sem þurfa einstaklingsþjálfun. Við höfum sent erindi til fræðslustjóra vegna þessa en mjög brýnt er að byggja við leikskólann til að auka rými. Vinnurýmið getur engan veginn sinnt auknum

undirbúningstíma starfsmanna og veldur þetta auknu álagi í starfi hjá þeim starfsmönnum sem þurfa að vinna við þessar aðstæður. En álga í starfi út frá aðbúnaði kom í ljós í starfsmannakönnun en starfsmenn eru orðinir langþreyttir á litlu rými og miklum tíma sem fer í að leyta að ónotuðu rými þá og þá stundina fyrir undirbúning, fundahalda, fundi með foreldrum eða til að nýta til skipulagsstarfa.

Við eru ánægð með að hafa fendið nýjan húsvörð til að sinna viðhaldsverkefnum en því miður er enn margt ógert sem við vonum að verði lagað í sumar s.s. málun inni á deildum, gluggar og fleira.

## 5. Starfsmannamál

Síðastliðið ár hafa starfsmenn verið 28 til 32 talsins , þar af 6 með leikskólakennaramenntun, starfsmenn með aðra háskólamenntun eru 9 talsins. Einn starfsmaður er á þriðja ári í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður að ljúka fyrsta ári í því námi. Samtals eru því starfsmenn með háskólamenntun 50 % starfsmanna leikskólans en auk þess eru þrír starfsmenn eru með leikskólalíðamenntun úr Fjölbraut í Garðabæ, samtals er því fagmenntun rúm 60 % innan leikskólans. Fjölgun hefur því verið hjá okkur í fagfólki og fögnum við því.

### 5.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2018

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennari með Dipl.Ed próf frá K.Í í uppeldis og menntunarfræði með áherslu á stjórnun. Hefur einnig lokið sérkennslufræðum frá Noregi
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1,0 í 0,30 stjórnun og 0,70 í öðrum faglegum verkefnum/ innan skólans, stuðning og afl	Grunn og leikskólakennari lauk mastersnámi í leikskólakennarfræðum á skólaárinu 2017
Sérkennslustjóri	1	0,70	Með sálfræðimenntun
Deildarstjórar	4	4,0	2 leikskólakennarar. Þar af 1 þeirra með diplóma í uppeldis og menntunarfræðum með áherslu á stjórnun frá H.Í og sjúkraliðapróf. Önnur að útskrifast með diplómu í sérkennslufræðum frá HÍ vorið 2018 .  1 með B.ED gráðu í leikskólakennarafræðum  1 Grunnskólakennari
Sérkennsla	4	3,44	1 þroskaþjálfari  1 grunnskólakennari  2 leiðbeinendur Hlifarstarfm  aðstoðarleikskólastóri+ sérkennslustjóri +

			deildarstjórar að hluta stöðuhlutfall skáð ofar
Leiðbeinendur K Í	7	5,75	1 með próf í einsöng og óperusöng 1 leikskólakennari 1 með B.Ed gráðu sem grunnskólakennari í mastersnámi í HÍ 1 djákni í gunnskólakennaranámi 1 að klára B.ED gráðu í leikskólaennarafræðum vor 2018 1 lýðheilsu og heilsufræðingur 1 framhaldskólakennari í ensku
Leiðbeinendur Hlífar	12	8,84	1 með stúdentspróf 4 leikskólaliðar 6 framhaldsmenntun 1 í leikskólakennaranámi á 1 ári
Matráður	1	1	Lærður matráður
Aðstoðarmaður í eldhúsi	1	0,9	Hlífarstarfsmaður
Samningur við Vinnumálastofnun	2	0,47	1 leikskólakennari 1 framhaldspróf

Samtals: 26.63 stöðugildi + 0,47 (2 vinnusamningur við Vinnumálastofnun).



## 5.2. Símenntun frá síðasta ári 2017-2018

PMT grunnnámskeið á vegum Skólaskrifstofu, 1 starfsmaður á haustönn og 2 starfsmenn á vorönn á PMT námskeið. Önnur SMT fræðsla fyrir nýlega starfsmenn og upprifjun fyrir suma í boði fyrir aðra starfsmenn haldið af verkefnastjóra SMT í Vesturkoti

Námskeið fyrir alla starfsmenn „**Lubbi finnur málbein**“ Eyrún Ísfold Gísladóttir á skipulagsdegi

Einn starfsmaður sótti námskeiðið Tákni með tali í tenglum við Sportaverkefni leikskólans.

Námskeið fyrir alla starfsmenn „**Gott er að borða gulrótina**“ Ólöf Kristín Sivertsen fór fram á skipulagsdegi.

Námskeið í Upplýsingatæki 2 x 2 starfsmenn sótt námskeið á vegum bæjarins hjá Bjarndísi Fjólu. Tengiliður hefur einnig sótt samráðsfundi á vegum fræðluskrifstofu vegna upplýsingatækninnar.

Samráðsfundir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og tengiliða SMT sem haldnir voru reglulega á vegum Fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðar.

Yfir veturinn hafa farið fram fundir milli leik- og grunnskóla í hverfinu en þeir voru færri en oft áður en stendur til að bæta úr því á næsta ári.

Leikskólastjóri hefur sótt markþjálfunarnámskeið á haustönn og annað á vorönn sem Fræðluskrifstofa hefur boðið upp til að efla og styðja við leikskólastjórnendur.

Aðstoðarleikskólastjóri fór í heimsókn í Borgarfjörð með aðstoðarleikskólastjórum.

Námskeið um **Vináttuverkefni** á vegum Barnaheilla, 2 starfsmenn á tónlistarnámskeið á haustönn og tveir á vinnáttunámskeið á vorönn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu vinátturáðstefnu á vegum Barnaheilla.

Ásthildur Bjarnadóttir með erindi fyrir foreldra. Var með tvö erindi eitt fyrir íslenska foreldra og annað fyrir póska foreldra sem gafst mjög vel. Hluti af starfmönnum sóttu þessa fundi bæði íslenskir og pólskir.

Námskeið **Slysavarnir barna** fyrir alla starfsmenn sem Herdís Storgard sá um.

Rástefna Ásthildar Bjarnadóttir í Gerðubergi sóttu allir stjórnendur leikskólans .

Sérkennslustjóri með fræðslu um skilgreiningu á einelti á skipulagsdegi á haustönn.

Stjórnendur sóttu erindi Eypórs Eðvarðssonar hjá þekkingarmiðlun sem haldið var fyrir leikskólastjórnendur í Kraganum.

Stjórnendur hafa einnig sótt námskeið frá Auðnast um einelti og áreyti í tengslum við nýja eineltisstefnu bæjarins.

Trúnaðar og öryggisnámskeið. Trúnaðaðarmaður Hlífur sótti námskeið á vegum síns félags. Leikskólastjóri og K.Í starfmaður sóttu öryggistrúnaðar og öryggisvarðar námskeið á vegum Vinnueftirlits.

**Ýmis námskeið sem menntanefnd Kragans skipulagði:**

*Deildarstjórar á yngri deildum fóru á námskeið á vegum Kragans „Yngstu börnin“.*

*Stjórnendur og deildarstjóri elstu baranna sóttu ráðstefnu Rannung um kennslu 5 ára barna.*

*Deildarstjóri á eldri deild og leikskólastjóri fóru á ráðstefnu um Menntun ungra barna.*

Námskeið og fundir fyrir stjórnendur varðandi ýmis verkefni og málefni sem efst voru á baugi hverju sinni á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

### 5.3. Áætlun um símenntun í leikskólanum 2018 - 2019

Áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsmannasamtölum

**Símenntun fyrir alla starfsmenn**

Fræðsla um hópastarf – reyndir kennarar skólans miðla til annarra starfsmanna á skipulagsdegi.

Samtaka í sömu átt – höldum áfram að vinna eftir því verkefni og sækjum fræslu tengda því eftir því sem þarf.

Námskeið í Numicon stærðfræðiefninu – fer fram á haustmánuðum 2018.

Námskeið til að stykja hópinn og sem ýtir undir starfsánægju og fyrir alla fyrirhugað í haust ef peningur verður til.

Fræðsla fyrir tengiliði UT verkefnis.

Fræðsla um SMT, unnið á skipulagsdögum, deildarfundum og starfsmannafundum

Fræðsla um rétta líkamsbeitingu.

Námskeið í tónlist og hreyfingu fyrir alla.

**Símenntun fyrir minni hópa**

Endurmenntunarnámskeið Kragans – hvetjum starfsmenn til að nýta sér þau námskeið.

Grunnnámskeið SMT – 2 starfsmenn

Námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn leikskóla til að sinna lögboðnum starfsskyldum þeirra. Vinnueftirlitið annast framkvæmd námskeiðsins.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn stéttarféлага.
Fimm starfsmenn í háskólanámi, einn að klára fyrsta ár í leikskólakennarafræðum, einn kominn með B.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum, þriðji að ljúka B.ED gráðu í leikskólakennarafræðum í vor, einn í meistaranámi til grunnskólakennara.
Fundir um samstarf leikskóla og grunnskóla verður haldið áfram milli Vesturkot, Smáralundar, Álfasteins og Hvaleyrarskóla.
Ýmisleg fræðsla sem starfsmenn sækja sér sjálfir s.s Tákni með tali, Hljóm, Tras ofl.
Fræðsla til að viðhalda Vináttuverkefni Barnaheilla, senda tvo á hvorri önn námskeið á vegum Barnaheilla
<b>Námskeið fyrir foreldra um SMT (Ósk foreldraráðs) – stefndum á þetta námskeið í fyrra en því miður gafst ekki tími til þess. Stefnum á að hafa það í ár.</b>

## 6. Aðrar upplýsingar

### 6.1. Barnahópurinn 1. Maí 2018.

Fjöldi barna í leikskólanum : 84 börn

- Kynjahlutfall: 36 stúlkur og 46 drengir
- Dvalarstundir/gildi: 747
- Deildargildi: 3,74
- Dvalargildi 956
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. Flokki: 7 börn í 2 flokki
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 12 börn
- Fjöldi barna með ofnæmi: 8
- Fjöldi barna með fæðuóþol: 3
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku. 29
- Fjöldi tungumála 7
- Þjóðerni forsjáraðila: 12 með pólsku, 1 kínverska, 1 serbókróatíska, 1 rússnenska, 11 enska, 1 portúgalska, 1 spænska, 1 franska, 1 rússnenska

### 6.2. Foreldrasamvinna

- Foreldraráð: Þrír öflugir fulltrúar eru í foreldraráði og kosið var í ráðið á árlegum foreldrafundi í október 2017. Í kjölfarið hittist ráðið á fundi þar sem farið var yfir hlutverk ráðsins. Foreldrar hafa verið í sambandi sín á milli, hist á formlegum fundum og óformlega á

göngum leikskólans og verið í tölvusamskiptum. Allar skýrslur sem sendar eru til fræðsluráðs og/eða skólaskrifstofu hafa verið sendar til foreldraráðs til yfirllesturs og samþykktar og ábendingar frá þeim teknar til umfjöllunar.

- Foreldrafundir: Kynningafundur með öllum nýjum foreldrum var í hádegi á meðan börn voru í aðlögun. Foreldrafundur með öllum foreldrum var haldinn í október. Byrjað var á sameiginlegum fundi með öllum foreldrum í sal þar sem kynnt var það helsta sem er í gangi í skólanum.
- Í október var almennur foreldrafundur þar sem farið var yfir verkefni og áherslur vetrarins og kynning á því sem framundan er. Í framhaldi af því var aðalfundur foreldrafélagsins, farið var yfir verkefni vetrarins, hlutverk þess, stöðu á reikningi og kosið í nýja stjórn. Að lokum var öllum foreldrum boðið inn á deild barnsins síns í spjall og kynningu á því starfi sem unnið er með börnum þeirra..
- Við buðum upp á annað árið í röð þetta árið þar sem það eru svo margir pólskir foreldrar þá vorum við með sérstakan foreldrafund með þeim ásamt túlki. Þar fórum yfir starf skólans og síðan var erindi með Ásthildi talmeinafræðingi um Snemmtæka íhlutun.
- Foreldrasamtöl: Boðið var upp á formleg foreldrasamtöl fyrir alla á starfsdegi í febrúar 2018. Farið var yfir stöðu barnsins, styrkleika þess og sameinast um að styrkja barnið í því sem þörf er á. Fundir fyrir foreldra tvítyngdra barna þar sem þurfti túlk voru tekin viku seinna.
- Foreldrafélag. Kosið var í stjórn foreldrafélagsins í október 2017 og buðu sumir sig áfram til starfa og nýjir bættust við.. Allt er þetta öflugt fólk sem hefur komið að og haldið utan um ýmsar upptakur þetta árið. Þar má m.a nefna jólaleikrit, jólasvein og jólagjöf. Einnig hefur félagið haldið utan um piparkökumálun á aðventu og boðið upp á ýmislegt skemmtilegt á sumarhátíð skólans. Foreldrafélag hefur samþykkt að standa straum af kostnaði vegna Vináttubangsanna í tengslum við námsefnið Vináttu.

### 6.3. Samstarf leik- og grunnskóla

Samráðsfundir hafa verið færri í ár en undanfarin ár. Áhersla í samstarfinu hefur verið að skipuleggja ýmsar sameiginlega stundir fyrir nemendur sem og samstarf starfsmanna til að kynna betur skólastarf hvers stig fyrir sig. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi næstkomandi skólaár en að hausti ákveða stjórnendur í Vesturkoti, Álfasteini, Smáralundi og Hvaleyrarskóla hvernig samstarfinu er háttað það starfsár.

Í samstarfshópi eru fulltrúar frá Hvaleyrarskóla og leikskólunum Álfasteini, Smáralundi og Vesturkoti. Skipuleggur hópurinn upptakum og heimsóknir á milli skólastiga.

- Á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember, komu 4. bekkingar í heimsókn í leikskólann og sungu og lásu fyrir börnin.
- Sameiginleg söngsamvera elstu barna leikskóla og 1. bekkinga grunnskóla var haldin í byrjun desember. Börnin byrjuðu á því að syngja saman, síðan fór hver leikskóli og bekkur upp á svið og sungu fyrir hina.
- Í apríl komu 1. bekkingar í heimsókn í leikskólann og voru í um klukkustund. Börnin voru með í vali og starfi inni og úti.
- Í maí fóru elstu börn leikskólans í heimsókn í 1. bekk. Þar voru þau með 1. bekkingum og fengu að taka þátt í starfi grunnskólans.

- Leikskólunum í hverfinu stendur einnig til boða að koma í heimsókn á bókasafnið og heimilisfræðistofuna í Hvaleyraskóla en af því varð ekki að þessu sinni.
- Vorskóli verður í Hvaleyraskóla í júní.

#### 6.4. Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar fyrir skólaárið 2018 - 2019 eru eftirfarandi: 21. september, 9. nóvember, 22. febrúar, 8. apríl og 31. maí. Suma þessara daga eru einnig skipulagsdagar í grunnskólum. Sumarleyfi hefst 11. júlí 2019 til 9. ágúst 2019.

## 7. Skýrslur og fylgiskjöl

### 7.1. Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:

- Einelti  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/eineltis%C3%A1%C3%A6tlun.pdf>
- Ofbeldi  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/ferlar%20um%20%C3%ADkamlegt%20ofbeldi.pdf>
- Grunur um frávik  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/grunur%20um%20fr%C3%A1vik.pdf>

### 7.2. Viðbragðsáætlanir

- Rýmingaráætlun  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/r%C3%BDmingar%C3%A1%C3%A6tlun.pdf>
- Slysum  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/ferli%20vegna%20slysa%20%C3%A1%20b%C3%B6num.pdf>
- Áföllum  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/%C3%A1falla%C3%A1%C3%A6tlun%202017.pdf>

### 7.3. Öryggisáætlanir

- Rýmingaráætlun

<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/r%C3%BDmingar%C3%A1%C3%A6tlun.pdf>

- Viðbragðsáætlun almannavarna v. Influensu  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20innfl%C3%BAensu%20faraldurs%20s%C3%BDnishorn%20.pdf>

#### 7.4. Móttökuáætlanir og jafnréttisáætlun

- Móttökuáætlun vegna nýrra starfsmanna  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/m%C3%B3tt%C3%B6ku%C3%A1%C3%A6tlun%20n%C3%BDrra%20starfsmanna%20-vesturkot.pdf>
- Móttökuáætlun vegna nýrra nemenda  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/m%C3%B3tt%C3%B6ku%C3%A1%C3%A6tlun%20n%C3%BDrra%20barna%20%C3%A1%20vesturkoti.pdf>
- Jafnréttisáætlun (2014 – 2016) verður yfirfarin skólaárið 2018-2019  
<http://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun%20vesturkots%202014.pdf>

## 8. Fylgirit

- Leikskóladagatal ásamt greinargerð
- Umsögn foreldraráðs